

Athugasemdir við deiliskipulag vegna Hvammsvirkjunar

Árið 2003 var gert umhverfismat fyrir virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Enn er Hvammsvirkjun á borðinu hjá stjórnvöldum. Margt hefur breyst síðan þá og tel ég því nauðsynlegt að rýnt verði gaumgæfilega í mat og skýrslur síðan þá þar sem margt hefur breyst og sumt er beinlínis úrelt vegna nýrrar tækni og meiri umhverfis vitundar. Viðhorf landsmanna til umhverfismála hafa breyst mikið á þessum árum eins og svo margt annað. Nýir möguleikar hafa opnast í raforkuöflun s.s. betri nýting virkjana sem fyrir eru og viðbætur við þær. Þá er ekki raunþörf fyrir meiri orku þar sem m.a. stóriðjuáform eiga ekki sama sess og fyrir áratug.

Skýrsla Eflu

Skýrsla Eflu er gerð að beiðni framkvæmdaaðila sem hafa ákveðinna hagsmuna að gæta við þessar virkjanaframkvæmdir. Augljóst er að það getur haft áhrif á niðurstöðu Eflu og rýrir trúverðugleika skýrslunnar.

Um umhverfismat vegna Hvammsvirkjunar

Umhverfismatið frá 2003 var um þrjá virkjunarkosti en ekki aðeins um Hvammsvirkjun eins og nú er verið að skoða. Liðin eru 18 ár síðan úrskurður úr síðasta umhverfismati var kveðinn upp og tilhögun virkjunarinnar hefur verið breytt.

Orri Vigfússon ritar í Morgunblaðið 30. júlí 2015 eftirfarandi: „Raunverulegt mat á umhverfisáhrifum Hvammsvirkjunar eins og núgildandi lög kveða á um hefur aldrei farið fram. Árið 2003 voru teknar saman upplýsingar sem hefðu getað nýst í sameiginlegt umhverfismat á þremur virkjunarframkvæmdum í neðri hluta Þjórsár, þ.e. Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Þær upplýsingar gilda ekki sem umhverfismat vegna allt annarrar framkvæmdar árið 2015“.

Landslag og ásjúnd.

Framkvæmdin mun breyta landslagi, ásjúnd og yfirbragði sveitarinnar. Minnkað rennsli í Þjórsá hefði mjög mikil áhrif og gjörbreytt ásjúnd þegar ekið er inn í Þjórsárdal. Þetta er almennt viðurkennt (bæði af Landsvirkjun og Skipulagsstofnun), en þrátt fyrir það vóg það ekki þungt í úrskurði Skipulagsstofnunar 2003. Er það verulega aðfinnsluvert. Segja má að á fyrirhuguðu virkjanasvæði sé anddyri að hálendinu sunnan jökla. Neðri hluti Þjórsár og umgjörð hennar skapar ákaflega fallega og stórfenglega landslagsheild, sem er mjög mikilvægt að varðveita. Virkjanaframkvæmdir myndu breyta Þjórsá neðan Búrfells í eina röð uppistöðulóna, jarðganga og skurða. Gildi landslags fyrir fólk, bæði íbúa og ferðamenn, er

nokkuð sem þarf að rannsaka ítarlega. Ekki hefur heldur verið kannað nægilega hvaða gildi náttúra og landslag hefur fyrir tilvist fólks og lífsgæði. Er ekki mikilvægast af öllu að fólki líði vel í sínu umhverfi?

Framburður

Þjórsá er jökulá með miklum framburði.

Framburðurinn er talinn mikilvægur fyrir Selvogsgrunn og þorskinn sem þar lifir. Stíflur og lón hindra hið eðlilega flæði Þjórsár til sjávar. Þetta þarf að rannsaka og ganga úr skugga um hvort minni framburður Þjórsár kann að hafa neikvæð áhrif uppeldisstöðvar þorskins við Selvogsgrunn.

Áhrif á samfélag

Áhrif Hvammsvirkjunar á nærsamfélagið hefur ekki verið kannað. Þar sem Hvammsvirkjun, lón og vegir sem henni fylgja yrði í byggð er sérstaklega mikilvægt að kanna áhrif hennar ítarlega. Rætt hefur verið um að byggja brú yfir Þjórsá til að gera virkjanir í byggð áhugaverðari. Haldið hefur verið fram að brú muni hafa góð áhrif á ferðþjónustu og bæti samgöngur. Að sjálfsögðu bætir brú yfir stjórnfljót samgöngur en það er ekki í verkahring orkufyrirtækja að sjá um samgöngubætur á Íslandi. Ekki má gleyma því að þetta er virkt jarðskjálftasvæði og ekki virðist það vera tekið nægjanlega með í reikninginn.

Að lokum

Í úrskurði Skipulagsstofnunar 2003 var víða viðurkennt að virkjanir í Þjórsá hefðu margvísleg og neikvæð áhrif á landslag, lífríki, gróður, hljóðvist og fleiri þætti en þrátt fyrir það voru framkvæmdir taldar innan þeirra marka sem þóttu þá ásættanlegar. Þessi niðurstaða olli mörgum vonbrigðum og er það von mín að nú hafi vitund og skilningur á mikilvægi landslags, náttúru og heilbrigðra vistkerfa aukist. Einnig veit ég af eigin raun hve skaðleg áhrif áform um yfirvofandi virkjanir hafa haft á mannlíf og ógnað heilsu manna. Er full ástæða til að hunsa ekki slík viðvörunarljós.

Ef framkvæmd á að skoða heildstætt og með sjálfbæra þróun í huga verður að líta til allra stöða hennar, þ.e. umhverfis, samfélags- og efnahags.

Að lokum er það skoðun mín að umrædd framkvæmd hafi ekki verið kynnt almenningi og íbúum við Þjórsá nægjanlega undanfarið. Þá er það niðurstaða af ofansögðu að mun fleira mæli gegn Hvammsvirkjun en með.

Virðingarfyllst,
Kjartan Halldór Ágústsson